

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 326/1984 um hreindýraveiðar árið 1984.

Menntamálaráðuneytið, 15. júlí 1985.

Ragnildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- | | |
|---|-------------|
| a. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði | kr. 150.00. |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils | kr. 255.00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin þriðja hvern mánuð. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 17.000,00 fyrir hvert einbýlishús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimædagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1985. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 773, 5. desember 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 9. júlí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 37,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- | | |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ —1“ | kr. 393,00 |
| b) fyrir mæla til $1\frac{1}{4}$ —2“ | kr. 786,00 |